

Framtakssjóður Íslands GP hf.

Ársreikningur

2019

Framtakssjóður Íslands GP hf.
Lágmúli 9, 7. hæð
108 Reykjavík
kt. 491109-2110

Framtakssjóður Íslands GP hf.

Ársreikningur

2019

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

Skýrsla stjórnar

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) GP hf. var stofnaður á árinu 2009 og er umsjónar- og ábyrgðaraðili FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf.

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands GP hf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Tap Framtakssjóðs Íslands GP hf. á árinu nam kr. 1.586.272. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 13.842.545 og bókfært eigið fé í lok ársins er kr. 8.803.371.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 17 sem er óbreyttur fjöldi frá árslokum 2018. Tíu stærstu hluthafarnir eru eftirfarandi: Gildi lífeyrissjóður 15,0%, Lífeyrissjóður verslunarmanna 15,0%, Birta lífeyrissjóður 14,9%, Landsbankinn hf. 14,2%, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda 8,5%, LSR A-deild 7,4%, Almenni lífeyrissjóðurinn 4,4%, Festa lífeyrisjóður 3,9%, Brú lífeyrissjóður 2,8% og Lífeyrissjóður bankamanna aldursdeild 2,1%. Eigin bréf félagsins nema um 6,0%.

Stjórn félagsins gerir ekki tillögu um að greiddur verði arður til hluthafa en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og jöfnun taps.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands GP hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands GP hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. mars 2020

Í stjórn


Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður


Guðrún Björg Birgisdóttir


Sveinn Hannesson

Framkvæmdastjóri


Guðmundur Kjartansson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í FSÍ (Framtakssjóði Íslands) GP hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Framtakssjóðs Íslands GP hf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. mars 2020

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur		41.124.720	206.587.478
Þóknun fyrir stjórnarsetu		1.350.000	5.967.848
		<u>42.474.720</u>	<u>212.555.326</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(28.094.775)	(191.334.590)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(11.336.031)	(18.144.120)
Annar rekstrarkostnaður		(1.670.758)	(1.479.019)
Afskriftir fastafjármuna	7	(1.373.156)	(1.597.597)
		<u>(42.474.720)</u>	<u>(212.555.326)</u>
Rekstrarhagnaður			
		0	0
Fjármunatekjur			
Fjármunatekjur	4	88.446	286.897
Niðurfærsla hlutabréfa	8	(1.678.000)	0
Fjármagnsgjöld	5	(10.838)	(32.919)
		<u>(1.600.392)</u>	<u>253.978</u>
(Tap), hagnaður fyrir skatta			
Tekjuskattur	6	14.120	115.478
		<u>(1.586.272)</u>	<u>369.456</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	0	1.373.156
Fjárfestingarverðbréf	8	1.678.000	3.356.000
		<u>1.678.000</u>	<u>4.729.156</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	2.702.950
Kröfur á tengd félög	13	9.567.390	4.755.759
Aðrar skammtímakröfur	9	850.706	1.090.636
Handbært fé	9	1.746.449	2.117.687
		<u>12.164.545</u>	<u>10.667.032</u>
Eignir		<u>13.842.545</u>	<u>15.396.188</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	10	6.804.066	6.804.066
Óráðstafað eigið fé		1.999.305	3.585.577
Eigið fé		<u>8.803.371</u>	<u>10.389.643</u>
Skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	11	0	96.763
		<u>0</u>	<u>96.763</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir reiknaðir skattar	6	115.785	61.797
Aðrar skammtímaskuldir	12	4.923.389	4.847.985
		<u>5.039.174</u>	<u>4.909.782</u>
Skuldir		<u>5.039.174</u>	<u>5.006.545</u>
Eigið fé og skuldir		<u>13.842.545</u>	<u>15.396.188</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		0	0
Afskriftir		1.373.156	1.597.597
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>1.373.156</u>	<u>1.597.597</u>
Rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(1.868.751)	2.223.539
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		75.404	(52.749.581)
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta		<u>(420.191)</u>	<u>(48.928.445)</u>
Innborgaðir vextir		88.446	286.897
Greiddir vextir		(10.838)	(32.919)
Greiddir skattar		<u>(28.655)</u>	<u>(336.655)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(371.238)</u>	<u>(49.011.122)</u>
Lækkun handbærs fjár		(371.238)	(49.011.122)
Handbært fé í upphafi árs		2.117.687	51.128.809
Handbært fé í lok ársins		<u>1.746.449</u>	<u>2.117.687</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Framtakssjóður Íslands GP hf. er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög.

Framtakssjóður Íslands GP hf. var stofnaður á árinu 2009 og er umsjónar- og ábyrgðaraðili fagfjárfestisjóðsins Framtakssjóður Íslands slhf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands GP hf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Skráning tekna

Rekstrartekjur eru færðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Framtakssjóður Íslands GP hf. er umsjónar- og rekstraraðili fyrir Framtakssjóð Íslands slhf. og er allur rekstrarkostnaður sem fellur til að frádregnum öðrum rekstrartekjum fluttur yfir á það félag.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar tímabilsins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Þrestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Verðbréf

Verðbréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Skýringar

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2019	2018
Laun starfsmanna	14.312.751	162.816.931
Laun stjórnar	7.700.000	11.275.000
Greidd laun	22.012.751	174.091.931
Breyting áfallinna launaskuldbindinga	0	(15.927.217)
Gjaldfærð laun	22.012.751	158.164.714
Lífeyrissjóður	3.120.731	30.006.727
Tryggingagjald	1.671.904	14.034.848
Breyting áfallinna launaskuldbindinga - launatengd gjöld	0	(1.367.435)
Breyting áunnins orlofs	805.000	(11.005.000)
Annar starfsmannakostnaður	484.389	1.500.736
	<u>28.094.775</u>	<u>191.334.590</u>

Á árinu 2019 starfaði einn starfsmaður hjá félaginu.

4. Fjármunatekjur

	2019	2018
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	88.446	286.897
	<u>88.446</u>	<u>286.897</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2019	2018
Vaxtagjöld	10.838	32.919
	<u>10.838</u>	<u>32.919</u>

6. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 14.120 kr. Áætlaður tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020 nemur 115.785 kr.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofu- búnaður
Kostnaðarverð	
Staða í ársbyrjun	7.664.775
Selt og aflagt á árinu	(7.664.775)
Staða í lok ársins	<u>0</u>
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun	6.291.619
Afskrift ársins	1.373.156
Selt og aflagt á árinu	(7.664.775)
Staða í lok ársins	<u>0</u>
Bókfært verð	
Bókfært verð í ársbyrjun	1.373.156
Bókfært verð í árslok	<u>0</u>
Afskriftahlutföll	20%

Skýringar

8. Fjárfestingaverðbréf

	Nafnverð	Bókfært verð
FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf.	3.356	1.678.000
		<u>1.678.000</u>

FSÍ GP hf. er ábyrgðaraðili fagfjárfestisjóðsins FSÍ slhf. sem er samlagshlutafélag. Eignarhlutur FSÍ GP ehf. í FSÍ slhf. var færður niður í gangverð eða sem nemur um 50% á árinu 2019.

9. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Fyrirframgreiddur kostnaður	831.250	1.002.730
Fjármagnstekjuskattur	19.456	87.906
	<u>850.706</u>	<u>1.090.636</u>

Handbært fé

	31.12.2019	31.12.2018
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	1.746.449	2.117.687
	<u>1.746.449</u>	<u>2.117.687</u>

10. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig í lok ársins:

	Hlutfall	Nafnverð
Heildarhlutafé	100,0%	7.240.000
Eigin hlutir	(6,02%)	(435.934)
	<u>94,0%</u>	<u>6.804.066</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 7.240.000 kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1 2018	6.804.066	3.216.121	10.020.187
Hagnaður ársins	0	369.456	369.456
Eigið fé 1.1 2019	6.804.066	3.585.577	10.389.643
Tap ársins	0	(1.586.272)	(1.586.272)
Eigið fé 31.12.2019	<u>6.804.066</u>	<u>1.999.305</u>	<u>8.803.371</u>

Skýringar

11. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2019
Staða í ársbyrjun	96.763
Ofáætlaður reiknaður tekjuskattur frá fyrra ári	33.142
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2019 færður í rekstrarreikning	(14.040)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020	(115.865)
Staða í árslok	0

12. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Virðisaukaskattur	336.000	432.000
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.612.792	1.713.066
Ógreitt áfallið orlof	2.200.000	1.395.000
Ógreiddur kostnaður	774.597	1.307.919
	4.923.389	4.847.985

13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. eigendur, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Framtakssjóður Íslands GP hf er ábyrgðaraðili fagfjárfestastjóðsins Framtakssjóður Íslands slhf.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2019:

	Gjöld	Tekjur	Kröfur	Skuldir
Framtakssjóður Íslands slhf.	0	32.739.006	9.567.390	0
Dótturfélög FSI slhf.	0	7.350.000	0	0
	0	40.089.006	9.567.390	0

Viðskipti við tengd félög árið 2018:

	Gjöld	Tekjur	Kröfur	Skuldir
Framtakssjóður Íslands slhf.	0	169.596.528	3.659.759	0
Dótturfélög FSI slhf.	0	39.135.848	1.096.000	0
	0	208.732.376	4.755.759	0

14. Samþykki ársreiknings

Árseikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 16. mars 2020.